



20. apríl 2024

Matvælaráðuneytið

Borgartúni 26

Efni: Sérreglur um byggðakvóta

Á 26. fundi hreppsráðs Vopnafjarðarhrepps, sem haldinn var föstudaginn 19. apríl 2024, var eftirfarandi bókað undir lið c. á dagskrá fundarins.

„ c. Sérreglur vegna byggðakvóta

Beiðni um endurskoðaða afstöðu Matvælaráðuneytisins varðandi sérstök skilyrði (sérreglur) vegna byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2023/2024.

Ákvæði reglugerðar nr. 852/2023 gildi um úthlutun byggðakvóta Vopnafjarðarhrepps með eftirfarandi breytingu: Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa í sveitarfélaginu þeim afla sem telja á til byggðakvóta, og til vinnslu í nærliggjandi sveitarfélögum, á tímabilinu 1. september 2023 til 31. ágúst 2024.

Eftirfarandi tillaga liggur fyrir fundinum: **Hreppsráð felur verkefnastjóra að senda ráðuneytinu meðfylgjandi ósk um breytingu á reglugerð nr. 852/2023 um byggðakvóta.“**

Tillagan er borin upp til samþykktar: **Samþykkt samhljóða**

Fyrir hönd Vopnafjarðarhrepps


Valdimar O. Hermannsson
Sími: 710260-5569

Valdimar O. Hermannsson

Verkefnastjóri sveitarstjórnar